

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Áslands, 3. áfanga, Hlíðarás 7-9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 25. september 2007 breytingu á deiliskipulagi Áslands, 3. áfanga, Hlíðarás 7-9 í Hafnarfirði. Breytingin felst í stækkun á byggingarreit fyrir svalir/verönd um 15,3 m² til norðurs og suðurs. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 22. nóvember 2007,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2007